

## Ágætu foreldrar og starfsfólk í Foldaskóla, Hamraskóla og Húsaskóla

Nú hafa Menntasvið, Leikskólasvið og hluti af ITR sameinast í eitt svið og heitir nýja sviðið skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Starfsheitið fræðslustjóri breytist í sviðsstjóri.

Framvegis mun ég nota þetta nýja nafn í upplýsingapóstunum. Vonandi veldur þetta ekki misskilningi.

Stýrihópur um breytingu á Foldaskóla í heildstæðan safnskóla á unglíngastigi og flutning nemenda í 8. – 10. bekk úr Hamraskóla og Húsaskóla hélt þriðja fund sinn í Foldaskóla 4.október.

Á þessum fundi fór fram áhættugreining þar sem rætt var um hvað gæti mögulega frarið úrskaiðis í verkefninu. Hver áhættuþáttur var metinn út frá alvarleika og líkum og síðan rætt til hvaða ráðstafana væri hægt að grípa til að koma í veg fyrir eða draga úr líkum á að viðkomandi áhættuþáttur kæmi upp.

Þá fór fram umræða um hvaða þætti starfshópurinn vildi hafa að leiðarljósi svo samstarfið yrði árangursríkt. Niðurstöðurnar verða notaðar í verk- og tímaáætlun. Ingibjörg Gísladóttir frá skóla- og frístundasviði (Menntasviði) stýrði þessari vinnu.

Verið er að skoða á skóla- og frístundasviði fjármál skóla í sameiningarferli og hvernig verði staðið að úthlutun til þeirra.

Eins og fram kom í síðasta upplýsingapósti var fyrirhugað að heimsækja Árbæjarskóla til að fræðast um fyrirkomulag skólstarfs í unglíngadeild. Hópurinn mun hittast þar á næsta fundi sínum 18. október.

Frá því að hópurinn fundaði síðast kom fram ábending frá foreldri um að skólarnir samræmi skóladaगतöl fyrir næsta skólaár. Þessari góðu ábendingu verður komið á framfæri við skólastjórana.

Eins og áður hefur komið fram eru í hópnum skólastjórar skólanna auk fulltrúa starfsmanna og foreldra, fulltrúi Gufunesbæjar og fulltrúi Miðgarðs ásamt fjórum fulltrúum frá skóla- og frístundasviði (Menntasviði) Reykjavíkurborgar.

Ég vil ítreka að öllum er frjálst að koma á framfæri efni til umræðu og hægt er að hafa samband við fulltrúa í hópnum.

Á opinni vefsíðu er að finna allar upplýsingar m.a. fundargerðir hósins, erindisbréf og hverjir sitja í hópnum. Slóðin er: <http://www.reykjavik.is/skoliogfristund>

Hópurinn er skipaður með erindisbréfi frá sviðsstjóra (fræðslustjóra) og mun starfa til 15. júní 2012.

Bestu kveðjur,

fyrir hönd stýrihópsins,

Auður Árný Stefánsdóttir